Heit setlaug m/læsanlegu loki
í samræmi við gildandi
Byggingarreglugerð
hæð á potti a.m.k. 0.45m yfir palli





SUÐURHLIÐ, 1:00



NORÐURHLIÐ, 1:00



VESTURHLIÐ, 1:00



AUSTURHLIÐ, 1:00



SNIÐ A-A, 1:00

BYGGINGARLÝSING:

FRÍSTUNDAHÚS, DJÚPAHRAUN 21, GRÍMSNESI
MATSHLUTI 01
Stærð lóðar er 7.400,0 m².
Staðgreinir:8719-1-56900210
Landnúmer:198676
HÖNNUNARSTJÓRI: Haukur Ásgeirsson, kt.301255-4629

Húsið er grundað á steyptum sökkli og steyptri botnplötu. Innveggir eru úr 50x75 og klæðast með panelklæðningu eða gifsplötum.
Útveggir eru úr timbri 45X145 veggstoðir. Einangrað með 150mm steinullareinangrun. Innan á veggjagrind kemur rakasperra, afréttigrind og klæðning.
Undir botnplötu og niður á sökkulveggi kemur 100mm plasteinangrun.
Útveggir klæðast með standandi borðaklæðningu að hluta og að hluta með láréttri bárulaga málmklæðningu.
Þaksperrur eru 45x245. Ofan á sperrur kemur borðaklæðning. Einangrað milli sperra með 225mm steinullareinangrun. Ofan á klæðningarborð kemur þakpappi og læst málmklæðning. Neðan á sperrur kemur afréttigrind, rakasperra og timburklæðning. Þak kemur í einingum.
Þak klæðist með ásoðnum tjörupappa, tvö lög. Gluggar skulu vera úr plasti.
Í öllum gluggum er þrefalt verksmiðjulagað einangrunar K-gler U=gildi>=2,0W/m²K.
Ofan á þaksperrur lægra þaksins koma lektur undir borðaklæðningu, þakpappa og læsta málmklæðningu og neðra þakið loftast langsum, sjá teikningar af þakvirki og snið A-A.
Loftun veggja og efra þaks sbr. sérteikningar.

ÖRYGGISGLER Í GÓLFSÍÐUM STOFUGLUGGA, Í SAMRÆMI VIÐ GREIN 8.5.2 Í BYGGINGARREGLUGERÐ.

E60 veggur milli geymslu og íveruhluta sumarhúss er byggður upp með blikkstoðum með 600mm millibili. 70mm steinullareinangrun milli blikkstoða haldið með 2mm stálvír með 300mm millibili. Utan á gifsstoðir komi tvöfalt lag af 13mm gifsi hvoru megin.

Efniseiginleikar:
Allar byggingarvörur skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til byggingarvöru hérlendis, s.s. staðla, reglugerða og laga og ákvæða um CE-merkingu byggingarvöru og eftir atvikum vottun eða umsögn um hana. Sbr. grein 4.5.2 í gildandi byggingarreglugerð (112 / 2012) .

Loftræsing:
Öll lokuð rými verða loftræst í samræmi við byggingarreglugerð grein 10.2.5. Loftrásir koma upp um þak í öllum lokuðum gluggalausum rýmum en að öðru leyti er húsið loftræst um opnanlega glugga. Útsog upp um þak frá eldhúsi.
Varnir gegn raka sbr. grein 10.5.5 í byggingarreglugerð. Vélræn loftræsing er frá öllum lokuðum rýmum, upp úr þaki. Vélræn loftræsing skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar.
Innsogsventlar, staðsetning sbr. lagnateikningar verkfræðings.
Loftun við gólf í geymslu ef gaskútar eru geymdir í geymslu

Innhurðar eru 2,1x0,90m nema annað sé tilgreint á grunnmynd.
Helstu stærðir: Sjá skráningartöflu.
Regnvatn frá þaki rennur frá þakniðurföllum í gróft undirlag (púkk) utan við undirstöður.

HITAVEITA.
Hita- og neysluvatnslagnir, HEITT VATN FRÁ HITAVEITU:
Upphitun sumarhúss er með gólfhita, innsteypt í botnplötuna.
Hitastig neysluvatns á töppunarstað skal vera 60 til 65°C, nota skal hitastýrikerfi. Frárennslislagnir eru pvc plaströr í grunni og undir botnplötu, en plaströr með ádragseinangrun í veggjum.
Hitastig neysluvatns á töppunarstað skal vera samkvæmt staðli 60°C til 65°C. Nota skal hitastýrikerfi.

Rotþró skal vera a.m.k. 3000 lítrar. Frágangur rotþróar og siturlagnar í samræmi við gildandi reglugerð.

Brunalýsing: Frágangur í samræmi við kafla 9.1. í byggingarreglugerð. Reykskynjarar sbr. grein 9.4.3 í byggingarreglugerð, slökkvitæki við anddyri (6kg dufttæki).
Úr öllum svefnherbergjum eru björgunarop 650x1150 mm.

Innveggjaklæðning í íverurými sumarhúss skal vera a.m.k. í flokki 2. Sjá einnig texta um uppbyggingu og gerð byggingarhluta. Veggur milli geymslu og íveruhluta skal vera klæddur með klæðningu í flokki 1.
Varnir gegn raka: Varnir gegn raka í samræmi við kafla 10.1 í byggingarreglugerð
Hljóðvist: Hljóðvist í samræmi við kafla 11.1 í byggingarreglugerð, uppfyllir a.m.k. flokk C skv. ÍST 45:2011.
Öryggi: Öryggi í samræmi við kafla 12.1 í byggingarreglugerð
REYKSKYNJARAR Í ÍVERUHLUTA SUMARHÚSS OG GEYMSLU SUMARHÚSSINS ERU SAMTENGDIR.
Br. stærð húss er 113.3m². Br.rúmmál er 395.4m³.
Stærð lóðar er 7400m² Nýtingarhlutfall er 0.015

Frágangur og skil á sorpi í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

Litir húss:

Útveggir:	Ljós timbur og álklæðning
Gluggar:	Dökklitaðir
Útihurðir:	Dökklitaðar

Kólnunargildi einstakra byggingarhluta:

Útveggir:	0,3 W/m² K
Útveggja meðaltal:	<0,85 W/m² K
Þak:	0,19 W/m² K
Gluggar:	1.3 W/m² K
Hurðir:	2,0 W/m² K
Gólf:	0,24 W/m²K

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
05. maí 2021
Byggingarfulltrúi

ÚTGÁFUFERILL

NÚMER:	DAGS.	SKÝRINGAR:	UNNIÐ:

DAGS.	SAMRÆM.HÖNNUÐUR

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 8815 / 897 8132
FAX: 534 8818
NETFANG: haukur@vha.is
kt: 560600-3050

HEITI VERKS:
FRÍSTUNDAHÚS
DJÚPAHRAUN 21
MIÐENGI, GRÍMSNESI
20211033

HEITI TEIKNINGAR:
GRUNNMYND 1. HÆÐ
ÚTLIT
BYGGINGARLÝSING

MKV: 1:100	DAGS. apr.'21	VERK NR 21-011	
TEIKNAÐ. H.Á.	YFIRFARIÐ H.Á.	SAMÞYKKT H.Á.	TEIKN.NÚMER 1
DAGS.undirskr. 04.04.'21	NAFN HÖNNUÐAR Haukur Ásgeirsson kt: 301255-4629		
UNDIRSKR.HÖNNUÐAR			ÚTGÁFA A